

Ísfélag Vestmannaeyja hf
Strandvegi 28
900 Vestmannaeyjar

| |
|-------------------------|
| Umhverfisstofnun |
| Áb. _____ |
| 07. nóv. 2011 8.10.2 |
| Tilv. _____ |



Reykjavík, 4. nóvember 2011
Tilvísun: UST20110700054/edk

Áminning og krafa um úrbætur


Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 3. október 2011 þar, þar sem Ísfélagi Vestmannaeyja var veittur frestur til 17. október til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri vegna áforma stofnunarinnar um að veita rekstraraðila áminningu, sbr. 26. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 22 gr. laga nr. 33/2004 um mengun hafs og stranda, fyrir að hafa ekki skilað inn niðurstöðum frárennismælinga. Umhverfisstofnun hafa í kjölfarið hvorki borist niðurstöður frárennismælinga né sjónarmið rekstraraðila vegna áformaðrar áminningar.


Umhverfisstofnun veitir hér með Ísfélagi Vestmannaeyja áminningu, sbr. 26. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 22 gr. laga nr. 33/2004 um mengun hafs og stranda fyrir að hafa ekki skilað inn niðurstöðum frárennismælinga. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til 24. nóvember 2011 til að skila inn niðurstöðum frárennismælinga eða áætlaðri dagsetningu fyrir framkvæmd mælinga sé vinnsla ekki í gangi á tímabilinu.

Sinni Ísfélag Vestmannaeyja ekki tilmælum Umhverfisstofnunar innan tilskilins frest er stofnuninni heimilt að ákveða fyrirtækinu dagsektir allt að upphæð 500.000 kr. á dag þar til úr er bætt, sbr. 27. gr. laga nr. 7/1998.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 49. gr. laga nr. 55/2003 er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 31. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Skal kærán borin fram við nefndina innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. mgr. 27. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Kærán sendist til Steinunnar Guðbjartsdóttur, formanns, Suðurlandsbraut 6, 4. hæð, 108 Reykjavík.

Virðingarfyllst


Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri


Kristján Geirsson
deildarstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlands